



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163

## 7. fundur félags- og menningamálanefndar 28. mars 2012

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Stefna í styrkjamálum.
3. Þjónusta við eldri borgara.
4. Önnur mál.

### 1. Fundarsetning

Fundur settur kl. 17:00 af Dagbjörtu Bjarnadóttur á skrifstofu sveitastjóra að Hlíðarvegi 6.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Kristján Steingrímsson, Jón Elvar Steindórsson og Bergþóra Kristjánsdóttir sem einnig ritar fundargerð.

Guðrún María Valgeirsdóttir situr einnig fundinn.

### 2. Stefna í styrkjamálum.

Farið er yfir lista styrkja sem Skútustaðahreppur hefur veitt árin 2010 og 2011 sem og hvað gert er ráð fyrir að styrkja á fjárhagsáætlun þessa árs.

Úthlutunarreglur varðandi breytt form á styrkveitingum ræddar.

Tekin ákvörðun um að hefjast handa við gerð úthlutunarregla fyrir sveitafélagið á næsta fundi nefndarinnar.

### 3. Þjónusta við eldri borgara.

Lesið yfir samning Skútustaðahrepps og félags eldri Mývetninga.

Lagt er til að vegna endurtekinnar óánægju með framkvæmd samnings Sveitarfélagsins við félag eldir Mývetninga frá maí 2003 verði honum sagt upp.

#### **4. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fundi slitið 18:20

Dagbjört Bjarnadóttir  
Anna Dóra Snæbjörnsdóttir  
Kristján Steingrímsson  
Jón Elvar Steindórsson  
Bergþóra Kristjánsdóttir